

## LÖG

### Vélaverkfræðingadeildar VFÍ

Breytingar voru samþykktar á aðalfundi 8. mars 2007 á 3. gr. og 7. gr.

#### Heiti félagsins og forysta.

##### 1. gr.

Félagið er deild í Verkfræðingafélagi Íslands. Heiti þess er Vélaverkfræðingadeild Verkfræðingafélags Íslands og skammstafast heitið VVFÍ.

Forystu í málefnum félagsins hefur stjórn þess og aðalfundur.

#### Markmið félagsins og starfshættir.

##### 2. gr.

Markmið félagsins er að efla kynni og samstarf á sviði vísinda og tækni meðal vélaverkfræðinga.

Félagið vinnur að markmiði sínu með því að halda fræðslu-, umræðu- og skemmtifundi, svo og á hvern annan hátt, sem heppilegur þykir á hverjum tíma.

Hvorki félagið í heild né einstakir félagar mega koma fram opinberlega í nafni VVFÍ nema að fengnu samþykki stjórnar VFÍ.

Á fundi félagsins er öðrum félögum VFÍ heimill aðgangur, en þó þarf til þess samþykki formanns hverju sinni. Skulu þeir hafa málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt.

Án samþykkis fyrirlesara eða hlutaðeigandi fundarmanna má engar skýrslur eða umsagnir birta um það, sem hefur farið fram á fundi.

#### Félagsmenn.

##### 3. gr.

Félagar í VVFÍ geta orðið allir þeir vélaverkfræðingar, sem eru félagar í VFÍ. Auk þess geta orðið félagar aðrir verkfræðingar í VFÍ, sem vinna í starfsgreinum skyldum vélaverkfræði, enda séu þeir ekki félagar í öðrum sérfræðideildum VFÍ.

Úrsögn úr Verkfræðingafélagi Íslands gildir jafnframt sem úrsögn úr VVFÍ.

#### Fjárreiður.

##### 4. gr.

Árlegt félagsgjald skal ákveðið á aðalfundi ár hvert, ef þurfa þykir.

Gjaldkeri annast innheimtu, bókhald og vörslu fjármuna félagsins, en er heimilt með samþykki stjórnarinnar að leita aðstoðar skrifstofu VFÍ.

VVFÍ getur ekki skuldbundið VFÍ fjárhagslega né heldur VFÍ deildina.

#### Stjórn og stjórnarkjör.

##### 5. gr.

Stjórn félagsins er skipuð þrem mönnum, formanni, gjaldkera og ritara. Skulu þeir kosnir til eins árs í senn. Ritari skal skrá yfirlit yfir það, sem fram fer á stjórnarfundum.

## **Fundir og fundarboð.**

### **6. gr.**

Halda skal félagsfundi, þegar tilefni er til. Tilkynna skal fundi skriflega með a.m.k. þriggja daga fyrirvara. Ritari heldur gerðabók um það, sem fram fer á fundum félagsins, og skal fundargerð sérhvers fundar kynnt á næsta fundi.

Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda í seinasta lagi í apríl ár hvert og skal boða til hans á heimasíðu og í fréttariti með viku fyrirvara minnst. Í fundarboðinu skal birta dagskrá fundarins, svo og tillögur, sem þurfa samþykki aðalfundar samkvæmt félagslögum.

Á aðalfundi skal tekið fyrir:

1. Skýrsla formanns um störf félagsins á liðnu starfsári
2. Reikningsskil
3. Tillögur frá stjórninni eða öðrum félagsmönnum
4. Kjör stjórnar félagsins
5. Önnur mál

Aukaaðalfundur skal halda, þegar stjórninni þykir ástæða til eða 1/3 félagsmanna óskar þess skriflega. Aukaaðalfundur má þó ekki halda á tímabilinu frá 15. maí til 15. september. Aðalfundur er lögmætur, sé til hans boðað samkvæmt annari málsgrein þessarar greinar, án tillits til fundarsóknar.

## **Lagasetning.**

### **7. gr.**

Lög félagsins og breytingar á þeim skulu ávallt vera í samræmi við lög VFÍ.